Álftanesi, 14. Ágúst 2013

Efni: Hugmyndir frá hestamannafélaginu Sóta um úrbætur á núverandi aðstöðu og frekar uppbyggingu

1. Starfsemi félagsins

a) Íþróttagreinar eru fyrst og fremst hestaíþróttir
b) Í barna- og unglingastarfi (9-21 árs) eru 81 iðkandi en 68 iðkendur í fullorðinsflokkum
c) Áætla má fjölda æfingastunda 2-4 tímar á dag per iðkanda. Keppnir eru haldnar reglulega eða amk ein keppni í mánuði frá febrúar til júní
d) Starfstímabilið er frá 1. Desember – 15. Júní (hestar á húsi) og síðan frá 15. Júní – 1. September, sumarútreiðar og keppnir.

2. Tillögur að úrbótum miðað við núverandi starf

a) Góðir reiðvegir

Til að hestamennska geti blómstrað, er nauðsynlegt að hafa góða reiðvegi. Reiðvegir á Álftanesi eru sumir hverjir orðnir hættulegir sökum skorts á viðhaldi. Töluvert af grjóti hefur safnast í vegi og getur það valdið slysum. Nauðsynlegt er að bera reglulega ofan í vegi til að fyrirbyggja slys. Það skal tekið fram að aðalreiðvegur okkar er útivistarstígur sem hestamenn deila með öðru útivistarfólki. Það samstarf hefur gengið vel og er til fyrirmyndar. Snjómokstri á þessum útivistarstígum hefur verið ábótavant og mætti bæta úr því. Einnig er unnið að gerð fleiri útivistarstíga í samstarfi við Garðabæ og LH.

b) Lýsing

Þar sem aðal æfingatímabil hestamanna er þegar dagsbirta er minnst, er góð lýsing mikið öryggisatriði. Eftir að Garðabær tók yfir, tók rafmagnsveitan flesta staura úr sambandi og því er lýsingu á svæðinu verulega ábótavant. Það vantar lýsingu (ljósastaurar eru til staðar) í hringgerði, reiðgerði og á keppnisvelli.

c) Keppnisvöllur

Keppnisvöllurinn var endurbættur árið 2006-2007 en efnið sem sett var ofan á völlinn var sami vikur og var á vellinum fyrir. Því er nú komið að það þarf að bæta við vikri sem ofaníburð. Einnig þarf að drena völlinn þar sem hann er byggður á mýri. Það vantar skeiðbraut, bæði til þess að hægt sé að halda lögleg mót og félagsmenn geti æft skeiðhrossin sín almennilega.

d) Félagsheimili

Þar sem mikil gróska hefur verið í starfi Sóta og aukin áhugi á keppni og öðrum viðburðum er félagsheimilið löngu orðið of lítið. Félagsheimilið var upphaflega byggt úr gömlu húsi sem var flutt á svæðið og þarfnast lagfæringar og stækkunar.

e) Félagssvæðið

Það vantar ofaníburð á svæðið, þar sem grjót er farið að vald töluverðri hættu á að hestar hnjóti með tilheyrandi slysahættu. Einnig vantar skilti sem vísar inn í hverfið og jafnvel gangbraut yfir Suðurnesveg þar sem hestamenn þurfa að fara yfir veginn til að komast á útivistarstíginn.

3. <u>Hugmyndir um framtíðaruppbyggingu.</u>

a) Fleiri hesthús á félagssvæðið

Það vantar leyfi til bygginga fleiri hesthúsa hefur staðið stækkun félagsins fyrir þrifum. Mun færri komast að en vilja í núverandi hesthúsum. Einnig væri gott að geta boðið börnum og unglingum sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku uppá aðstöðu í félagshesthúsi þar sem starfsmaður á vegum félagsins (eða sveitarfélagsins) myndi sjá um viðhald og þjónustu.

b) Reiðhöll

Hestamannafélagið Sóti er eitt af fáum hestamannafélögum á landinu sem ekki hafa reiðhöll á athafnasvæði sínu. Nýtt lokað gerði er þó mikið til bóta en ósk félagsmanna í hestamennsku í dag er reiðhöll á öllum félagssvæðum.

c) Reiðvegir

Gott reiðveganet innan Álftaness og í nágrenni er nauðsynlegt. Það er ósk okkar að hægt væri að fara ríðandi yfir í önnur hverfi t.d. til Spretts og Sörla.

Samstarfið við Garðabæ hefur farið mjög vel á stað og við hlökkum til áframhaldandi uppbyggingar á félagssvæði okkar. Við viljum nota tækifærið og þakka fyrir það samstarf sem þegar hefur orðið.

Virðingarfyllst
F.h. stjórnar Hestamannafélagsins Sóta

Steinunn Guðbjörnsdóttir
Formaður